

Nd.

**42. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður Halldór Steinsson.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjerað og heita Hnappdælahjerað. Í hjeraði þessu eru: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur í austanverðum Miklaholtshreppi eða vestanverðum Eyjarhreppi.

2. gr.

Þá er Hnappadælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólms-hjeraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur og á Ólafsvikurhjeraði, að til þess liggi ekki Staðarsveit.